



Svar við umsögn aðgengis- og samráðsnefndar varðandi rafræna miðlun greiðsluseðla

Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd

Sendandi: Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Óskað var eftir því við borgarráð að fjármála- og áhættustýringarsvið fengi heimild til að hætta að prenta út og senda greiðsluseðla til fyrirtækja og einstaklinga sem eru 79 ára og yngri frá 1. janúar 2023. Borgarráð óskaði eftir umsögn aðgengis- og samráðsnefnd um málið.

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar, sem er dagsett 1. september, fagnaði þeim jákvæðu breytingum sem felast í stafrænni umbreytingu en fannst vanta svör við ýmsum spurningum sem komu upp við yfirferð málsins. Hér er þessum spurningum svarað og óskað eftir því að nefndin uppfæri umsögn sína m.v. neðangreind svör.

Nefndin telur að upplýsingar vanti um hvort, og þá hvernig, þessi breyting verði kynnt fyrir notendum þjónustunnar.

Þar sem flestir sem eru að rukka fyrir þjónustu eru hættilir að prenta út og senda greiðsluseðla í pósti var það metið sem svo að fullnægjandi væri að upplýsa starfsfólk velferðarsviðs, s.s. eins og félagsráðgjöfum og öðru starfsfólki þjónustumiðstöðva þessar breytingar. Telji aðgengis- og samráðsnefnd það ekki vera fullnægjandi kynning er vel hægt að senda bréf til þjónustuþega, þar sem breytingarnar eru kynntar, með síðustu greiðsluseðlunum sem sendir verða út í pappírformi.

Ítrekað er að allir útgefnir greiðsluseðlar Reykjavíkurborgar birtast í rafrænum skjölum í netböðnum.

Í tillöggunni um rafræna miðlun greiðsluseðla var ekki tekið fram með hvaða hætti einstaklingar muni geta óskað eftir að fá greiðsluseðlana senda á pappírformi.

Hægt er að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar og óska eftir því að fá greiðsluseðla á pappírformi. Einnig er hægt að óska eftir greiðsluseðlum á pappírformi á Mínum síðum og í Rafrænni Reykjavík á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is. Verði ákveðið að senda bréf með síðustu greiðsluseðlunum verður það auðvitað tekið fram í bréfinu hvernig hægt er að óska eftir greiðsluseðlum á pappírformi.

Nefndinni þótti óljóst af hverju væri miðað að hætta að senda greiðsluseðla til einstaklinga sem eru 79 ára og yngri og finnst rökréttara að miða við 67 ára og yngri.

Reykjavíkurborg ákvað árið 2010 að hætta að senda greiðsluseðla til allra einstaklinga sem voru fæddir 1942 og síðar, nema vegna einstakra málaflokka sem hér um ræðir. Þessi regla er ennþá við lýði og í ár eru einstaklingar 79 ára yngri ekki að fá greiðsluseðla. Ekki stendur til að breyta þessari reglu heldur að láta hana einnig eiga við þá einstaklinga sem hætta að fá senda greiðsluseðla í pósti verði tillagan samþykkt.

Nefndin taldi jafnframt mikilvægt að gerð yrði grein fyrir því hvernig þeim fjármunum, sem talið væri að sparaðist með þessari breytingu, yrði varið.



Reykjavíkurborg

Þeim fjármunir sem koma til með að sparast verður beinn sparnaður kostnaðar á þeim sviðum sem eru að prenta og senda út greiðsluseðla í dag. Ekki er gert ráð fyrir að fjármunirnir verði nýttir á annan hátt enda mikilvægt að spara kostnað þar sem það er hægt.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa biðst velvirðingar á því að tillagan um rafræna miðlun greiðsluseðla hafi verið óskýr og vonar að ofangreind svör svari spurningum og vangaveltum nefndarinnar. Óskað er eftir því að aðgengis- og samráðsnefnd taki málið aftur fyrir og uppfæri umsögn sína í samræmi við þessi svör.

Virðingarfyllst,
Helga Benediktsdóttir
Skrifstofustjóri
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu